



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2022

2212021SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um grænbók um sveitarstjórnarmál, S-229-2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 25. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um grænbók um sveitarstjórnarmál.

Grænbókinni er ætlað að leggja grunn að umræðu um stöðu sveitarfélaga í helstu málaflokkum en í henni má finna greiningu á stöðunni hvað varðar þróun sveitarstjórnarstigsins, fjármál og rekstur, lögbundin og lögheimil verkefni, lýðræði, loftlags- og umhverfismál og stafræna umbreytingu. Í framhaldinu verður unnin hvítbók og í kjölfar samráðs um hana verður lögð fram á Alþingi þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Afstaða sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur átt góða aðkomu að vinnu við grænbókina. Fyrst á undirbúningsstigi og síðar í gegnum formlegan starfshóp skipaðan af ráðherra þar sem bæði formaður og varaformaður stjórnar sambandsins eiga sæti f.h. sambandsins. Þar að auki er annar fulltrúi ráðherra í hópnum einnig í stjórn sambandsins og framkvæmdastjóri situr fundi hópsins sem áheyrnarfulltrúi. Ráðuneytið hefur því virkilega lagt sig fram við að eiga gott samstarf við sambandið um málið sem ber að þakka.


Heilt yfir er sambandið sammála stöðugreiningunni og þeim áherslum sem lagðar eru í grænbókinni. Eftir að grænbókin fór í samráðsgátt kom fram ábending um að nauðsynlegt væri að gera lýðræðislegum áskorunum, s.s. minnkandi kosningabátttöku og skorti á lýðræðislegri virkni, sérstaklega innflytjenda og ungs fólks, hærra undir höfði. Jafnframt væri ástæða til að taka betur á þeim áskorunum er tengjast krefjandi pólitískum aðstæðum m.a. hvað varðar neikvæða umræðu og áreiti sem kjörnir fulltrúar verða fyrir á netinu. Sambandið leggur því til að tekið verði á þessum atriðum í hvítbók og mótaðar aðgerðir til að takast á við þessar áskoranir.

Þá bendir sambandið á að frá því að grænbókin var sett í samráðsgátt hefur stjórn sambandsins samþykkt nýja [stefnumörkun fyrir árin 2022-2026](#). Þar má finna fjölmargar áherslur og verkefni sem sambandið telur eðlilegt að horft verði til við útfærslu á verkefnum í hvítbók enda endurspeglar stefnumörkunin vel þau verkefni sem sveitarfélögin telja brýnast að ráðist verði í á næstu árum. Lykilforsendur til að tryggja framþróun á sveitarstjórnarstigi hljóta þó ávallt að vera að fjárhagsleg

sjálfbærni sveitarfélaga sé tryggð og gott samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um forgangsroðun og fjármögnun verkefna.

Að lokum óskar sambandið eftir áframhaldandi góðu samstarfi um næstu skref.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri